

Skilgreining á COVID-19 tilfelli

Skilgreiningin skiptist í þrennt: Mögulegt, líklegt og staðfest tilfelli. Skilmerkin fyrir mögulegt tilfelli skal læknir nota til að meta líkur á COVID-19 sýkingu þegar sjúklingur leitar til heilbrigðisþjónustunnar vegna einkenna um öndunarfærasýkingu og hefur svarað einni eða fleiri spurningum sem starfsmenn í móttöku eða símsvörun leggja fyrir játandi. Skilgreiningin kann að breytast í samræmi við nýjar upplýsingar og breytt áhættumat. Þess vegna er nauðsynlegt að fylgjast stöðugt með uppfærslu þessa skjals.

MÖGULEGT TILFELLI

Sjúklingar með bráða öndunarfærasýkingu og a.m.k. eitt af eftirtöldum einkennum sem koma skyndilega: Hósti, hiti og mæði

OG

innan 14 daga frá upphafi einkenna:

- umgengist náið staðfest eða líkleg tilfelli af COVID-19 sýkingu án tilhlýðilegs hlífðarbúnaðar

EÐA

- verið í Kína, í Lombardy, Veneto, Emilia Romagna, Piemonte héruðum á Ítalíu.

Náið umgengi við líklegt eða staðfest tilfelli er skilgreint sem:

- Einstaklingur sem býr á sama heimili og einstaklingur með COVID-19.
- Einstaklingur sem er í beinni snertingu við einstakling við með COVID-19 (t.d. heilsað með handabandi).
- Einstaklingur sem er í beinni snertingu við líkamsvessa frá einstaklingi með COVID-19 án hlífðarbúnaðar (t.d. hóstað á hann, snertir notaðar bréfpurrkur/vasaklúta með berum höndum).
- Einstaklingur sem er augliti til auglitis (< 1–2 metra fjarlægð) eða dvalið í lokuðu rými með einstaklingi með COVID-19 (t.d. skólastofu, fundarherbergi, biðstofu o.s.frv.).
- Heilbrigðisstarfsmaður eða einstaklingur sem hefur verið við umönnun, einstaklings með COVID-19, án tilhlýðilegs hlífðarfatnaðar.
- Einstaklingar í flugvél sem sitja í tveimur næstu sætum (í allar áttir) frá einstaklingi með COVID-19, ferðafélagar, einstaklingar sem annast viðkomandi og áhafnameðlimir sem sjá um þann hluta flugvélarinnar þar sem einstaklingur með COVID-19 sat. Til greina kemur að útvíkka þá skilgreiningu í samræmi við áhættumat.

Ofangreind faraldsfræðitengsl (umgengist náið) geta hafa átt sér stað innan 14 daga fyrir upphafi veikinda.

STAÐFEST TILFELLI

Einstaklingur með staðfesta greiningu á COVID-19 sýkingu frá rannsóknarstofu, óháð sjúkdóms-einkennum.